

NÁMSKRÁ FYRIR ÖKUKENNARANÁM TIL BIFHJÓLA RÉTTINDA Júní 2007

1. Námskráin

Námskrá þessi lýsir námi þeirra sem afla vilja sér þekkingar og hæfni til undirbúnings þess að fá löggildingu til að annast ökukennslu fyrir flokk A (bifhjól), sbr. reglugerð um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999. Námið skal vera fræðilegt og verklegt.

Námskráin er sett af Umferðarstofu í samráði við Kennaraháskóla Íslands og Ökukennarafélag Íslands og staðfest af Samgönguráðherra.

2. Forkröfur

Námið geta þeir ökukennarar sótt sem eru með löggildingu fyrir réttindaflokk B og hafa ökuréttindi fyrir réttindaflokk A.

3. Markmið

Með náminu er ætlað að tryggja að ökukennari öðlist þekkingu og þjálfun til að geta skipulagt og undirbúið ökukennslu á bifhjól, sem og annast kennslu á bifhjól, með tilliti til hæfni, getu og þarfa ökunema.

Ökukennarinn skal búa yfir staðgóðri þekkingu á flestum sviðum umferðarfræða og kennslufræðilegri þekkingu og hæfni til að miðla henni til annarra.

Ökukennarinn á að geta ekið af öryggi og framsýni og vita hvernig best sé staðið að færniþjálfun. Hann á ennfremur að vera meðvitaður um nauðsyn þess að vera góð fyrirmynd.

Þannig skal áhersla lögð á að ökukennarinn öðlist staðgóða þekkingu á sviði umferðarmála með sérstöku tilliti til aksturs og sérstöðu bifhjóla og færni í að beita og miðla henni. Fagleg þekking á sviði umferðarfræða og færni á sviði kennslufræða og þjálfunar verður því ætíð að fara saman.

Í náminu á m.a. að leggja áherslu á að ökukennarinn:

- sé mjög vel kunnugur öllum atriðum laga og reglugerða er lúta að akstri bifhjóla og fær um að útskýra þau á sjálfstæðan hátt,
- sé mjög vel kunnugur námskrá fyrir bifhjólaréttindi og fær um að útfæra hana á árangursríkan hátt,
- hafi haldgóða þekkingu á ökutækjum í A-flokki ökuréttinda og skilning á virkni þeirra. Hann geti miðlað skilningi á nauðsyn þess að þau séu ávallt í öruggu og lögmætu ástandi og kunnáttu í umhirðu þeirra.

Hann þekki einnig hvernig bregðast skuli við bilun eða göllum sem upp geta komið,

- hafi þekkingu á mismunandi notkun ökutækja í A-flokki, ákvæði laga og reglugerða um sérstakan akstur, s.s. í tengslum við akstursípróttir,
- hafi haldgóða þekkingu á hlífðar- og verndarbúnaði ætlaðan ökumönnum og farþegum bifhjóla og reglum sem gilda um notkun hans,
- hafi haldgóða þekkingu á kraftafræði í tengslum við bifhjól og akstur þeirra,
- hafi þekkingu á sérstöðu bifhjóla í umferðinni og geti útskýrt atriði sem lúta þar að,
- kynnist starfi ökukennara í bóklegri og verklegri kennslu til bifhjólaréttinda,
- fái þjálfun í akstri bifhjóla og kennslu til bifhjólaréttinda við mismunandi akstursskilyrði,
- geti ekið bifhjóli í umferð af öryggi, framsýni og tillitssemi í samræmi við gildandi reglur og góðar venjur.

4. Kennsluskrá

Kennsluskrá skal unnin á grundvelli námskrár þessarar, sbr. 4. gr. reglugerðar um löggildingu ökukennara og starfsleyfi ökuskóla, nr. 327/1999.

5. Námsmat

Ökukennarinn þarf að fullnægja reglum um þátttöku á námskeiði, tímasókn, úrlausn verkefna og námsárangur á námstímanum til að ljúka námi með fullnægjandi árangri, skv. nánari ákvæðum í kennsluskrá.

Staðfest af samgönguráðherra 28. júní 2007.